

Minnisblað

Dagsetning: 28.11.2023
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2023 – Vöktun hagamúsa (*Apodemus sylvaticus*)

Markmið vöktunar er að mæla þéttleika og samsetningu hagamúsa (1. mynd) á tilgreindu svæði í Heiðmörk og fylgjast með breytileika milli ára.

Framkvæmd


Aðferðafræði við lífgildruveiðar og fellur er samkvæmt lýsingu í doktorsritgerð Esterar R. Unnsteinsdóttur (ERU).¹ Fyrst var vöktunarsvæðið afmarkað á korti og hnitsett. Alls voru 100 gildrustöðvar hnitsettar, 10 snið með 10 stöðvum hvert (2. mynd, Viðauki 1). Bil á milli gildra var ákvarðað út frá áætluðum þéttleika, sem miðaðist við skóglendi, þ.e. 20 m milli gildra.¹ Fyrir veiðar, þann 29.09.2023 voru snið gengin með GPS tæki og hælur settir niður á gildrustöðvum (Viðauki 2 A). Hver hæl var merktur viðkomandi gildrustöð (bókstafur og númer). Þar sem um langtíma vöktun er að ræða voru hælur skildir eftir á gildrustöðvum.

Undirbúningur gildra fór fram á NÍ í Urriðaholti þann 31.09.2023 undir handleiðslu ERU. Gildrur voru settar saman, ull sett í þær (frá ÍSTEX) til einangrunar og ca. fjórar matskeiðar af höfrum (Viðauki 2 B, C). Að undirbúningi loknum var gildrunum komið fyrir í strigapoka, 20 í hvern poka. Sama dag var gildrum komið haganlega fyrir á gildrustöðvum þannig að þær væru vel skorðaðar, örlítið framhallandi og uppspenntar. Á veiðitímabilinu voru ull og hafrar endurnýjaðir í hverri þeirri gildru sem veiddi mús.

Starfsfólk NSV hafði aðstöðu á NÍ á meðan veiðum stóð. Veiðar fóru fram undir handleiðslu ERU, þar til starfsfólk NSV var orðið nægilega vant og komið með tök á verklagi. Veiddar mýs voru merktar, vigtaðar, kyngreindar og lífsýni tekin skv. viðurkenndu verklagi (Viðauki 2 D, E, F).



1. mynd. Merkt hagamús í Heiðmörk árið 2023. Mynd: SG.



2. mynd. Gildrustöðvar mýsavöktunar NSV í Heiðmörk. Alls tíu snið (A-J) með tíu stöðvum hvert, um 20 m voru hafðir á milli gildrustöðva.

Frumniðurstöður

Búið er að setja inn allar upplýsingar um mýsaveiðarnar í sameiginlegt Excel skjal á vinnusvæði verkefnisins Vöktun náttúruverndarsvæða á Teams, í möppuna *Faghópur - Spendýr*. Var þeim tilmælum komið til rannsakenda að færa gögnin þangað inn þar sem vinna við þann hluta gagnagrunns NÍ sem snýr að mýsavöktuninni er ólokið.

Framkvæmd verkefnisins gekk vel og fékk starfsfólk NSV dýrmæta reynslu sem mun vera dýrmæt í áframhaldandi vöktun hagamýsa. Heildarafli var lágur árið 2023, en alls veiddust 14 einstaklingar á veiðitímabilinu og endurveiðar voru 16 talsins. Kynjahlutföll voru nokkuð skekkt, en af 14 einstaklingum voru níu kvendýr.

Heimildir

1. Ester Rut Unnsteinsdóttir 2014. The wood mouse *Apodemus sylvaticus* in Iceland: Population dynamics and limiting factors at the northern edge of the species' range. Ritgerð til doktorsprófs. Háskóli Íslands, Verkfræði og náttúruvísindasvið. 108 bls.

Viðaukar

Viðauki 1. Staðsetning 100 gildrustöðva í hagamúsaveiðum í Heiðmörk árið 2023.

Gildrunúmer	Breiddarbaugur (N°)	Lengdarbaugur (W°)	Gildrunúmer	Breiddarbaugur (N°)	Lengdarbaugur (W°)
A01	64,0765400	-21,9096400	F01	64,0759708	-21,9078927
A02	64,0766227	-21,9093245	F02	64,0761225	-21,9076125
A03	64,0767494	-21,9090568	F03	64,0762406	-21,9073508
A04	64,0768654	-21,9087955	F04	64,0763653	-21,9070814
A05	64,0769921	-21,9085214	F05	64,0764966	-21,9068038
A06	64,0771349	-21,9082282	F06	64,0766320	-21,9065175
A07	64,0772563	-21,9079605	F07	64,0767800	-21,9063100
A08	64,0773830	-21,9077056	F08	64,0768879	-21,9059827
A09	64,0775124	-21,9074124	F09	64,0770172	-21,9056921
A10	64,0776204	-21,9071308	F10	64,0771342	-21,9054083
B01	64,0763833	-21,9092472	G01	64,0758722	-21,9075488
B02	64,0765192	-21,9089884	G02	64,0760226	-21,9072714
B03	64,0766464	-21,9087193	G03	64,0761407	-21,9070097
B04	64,0767632	-21,9084606	G04	64,0762630	-21,9067338
B05	64,0768958	-21,9081803	G05	64,0763966	-21,9064627
B06	64,0770327	-21,9078911	G06	64,0765306	-21,9061852
B07	64,0771559	-21,9076182	G07	64,0766649	-21,9058961
B08	64,0772828	-21,9073651	G08	64,0767857	-21,9056407
B09	64,0774078	-21,9070779	G09	64,0769188	-21,9053485
B10	64,0775249	-21,9067924	G10	64,0770338	-21,9050577
C01	64,0762796	-21,9089084	H01	64,0757683	-21,9072161
C02	64,0764181	-21,9086442	H02	64,0759213	-21,9069331
C03	64,0765468	-21,9083722	H03	64,0760408	-21,9066686
C04	64,0766623	-21,9081103	H04	64,0761668	-21,9063964
C05	64,0767973	-21,9078364	H05	64,0762982	-21,9061188
C06	64,0769316	-21,9075469	H06	64,0764308	-21,9058381
C07	64,0770590	-21,9072710	H07	64,0765647	-21,9055629
C08	64,0771822	-21,9070206	H08	64,0766924	-21,9052979
C09	64,0773000	-21,9066800	H09	64,0768191	-21,9050076
C10	64,0774241	-21,9064540	H10	64,0769421	-21,9047177
D01	64,0761771	-21,9085670	I01	64,0756672	-21,9068718
D02	64,0763220	-21,9083007	I02	64,0758202	-21,9065887
D03	64,0764429	-21,9080335	I03	64,0759385	-21,9063211
D04	64,0765625	-21,9077632	I04	64,0760671	-21,9060493
D05	64,0766976	-21,9074893	I05	64,0762100	-21,9058200
D06	64,0768343	-21,9072001	I06	64,0763298	-21,9054938
D07	64,0769579	-21,9069320	I07	64,0764670	-21,9052183
D08	64,0770840	-21,9066767	I08	64,0765864	-21,9049530
D09	64,0772137	-21,9063852	I09	64,0767196	-21,9046607
D10	64,0773289	-21,9060984	I10	64,0768419	-21,9043612
E01	64,0760745	-21,9082314	J01	64,0755633	-21,9065331
E02	64,0762219	-21,9079716	J02	64,0757191	-21,9062445
E03	64,0763444	-21,9076895	J03	64,0758200	-21,9059400
E04	64,0764666	-21,9074196	J04	64,0759300	-21,9057400
E05	64,0765951	-21,9071477	J05	64,0761049	-21,9054286
E06	64,0767333	-21,9068559	J06	64,0762100	-21,9051300
E07	64,0768400	-21,9065400	J07	64,0763644	-21,9048659
E08	64,0769834	-21,9063323	J08	64,0764700	-21,9046300
E09	64,0771169	-21,9060329	J09	64,0766199	-21,9043199
E10	64,0772308	-21,9057544	J10	64,0767200	-21,9039900



Viðauki 2. Hagamúsaveiðar í Heiðmörk árið 2023. A) Hælum komið fyrir á hnitsettum stöðvum, B) fóður sett í gildruna, C) samsett og tilbúin gildra, D) veiðistöð með afla – lokuð gildra, E) starfsfólk NSV og ERU við mælingar á veiddri mús, F) hér sést vel hvernig þrír fætur hafa verið merktir bleikir, m.v. fjölda merktra útlíma var þessi mús að endurveiðast í annað skipti. Myndir: SG.